

Miðopna

Ekki pláss fyrir Bjarna í Keflavíkurmarkinu



FLJÓTLEGT OG GOTT!



Opnunarími Hringbraut: Allan sólarhringinn
Opnunarími Tjarnabraut: 08.00 - 23.30 Virka daga
09.00 - 23.30 Helgar

Krambúðin

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 8. NÓVEMBER 2023 // 42. TBL. // 44. ÁRG.



Jólasaga í Aðventugarðinum

Leikfélag Keflavíkur frumsýnir föstudaginn 10. nóvember jólasöngleikinn Jólasaga í Aðventugarðinum. VF kíktri á æfingu og smeltti mynd af hópnum stóra sem tekur þátt. Nánar inni í blaðinu og víðtöl á vf.is.

MEÐAL EFNIS



Síða 14

Skrá körfu-boltasöguna í hlaðvarpi



Síða 10

Kóða systur á tískuvaktinni í 40 ár



Síða 12

Sigurvön 95 ára

Fundur vegna jarðhræringa

Upplýsingafundur vegna jarðhræringa á Reykjanesi verður haldinn í Stapa Hljómahöll, miðvikudaginn 8. nóvember kl. 20:00. Fundinum verður streymt á vef VÍKURFRÉTTA, vf.is.

Fulltrúar frá almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, Veðurstofnunn, HS orku, HS Veitum munu vera með fram-sögu og gefst fundargestum tækifæri til að spyrja spurninga í lok fundar.

Setja frostlög inn á lokað kerfi eða blása úr lögnum

■ Afar mikilvægt að passa upp á að ekki frjósi í lögnum, segir pípulagningarmaður.

„Það þarf að setja frostlög inn á lokað kerfi og tæma neyslulagnir en ef ekki er um lokað kerfi að ræða, þarf að blása vatni út úr lögnum,“ segir pípulagningarmaðurinn Þorsteinn Einarsson í Grindavík en hann telur afar mikilvægt að húseigendur passi

upp á að það frjósi ekki í lögnum í húsakynnum þeirra. „Þetta er kannski ekki á færi allra að gera og því hvet ég fólk til að hringja í sinn pípara og fá ráðleggingar.“

Nánar er rætt við Þorstein á síðu 6 í VÍKURFRÉTTUM í þessari viku.



VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOURG ÓSK
ELINBORG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Kröftugri atburður en við höfum áður séð á þessu svæði

Kristín Jónsdóttir, fagstjóri náttúruvöktunar hjá Veðurstofu Íslands, segir að það sé túlkun Veðurstofunnar að umbrotin við Grindavík séu kröftugri atburður en vísindamenn hafi áður séð á þessu svæði. Almanna- og vísindamenn hafi áður séð á þessu svæði. Almanna- og vísindamenn hafi áður séð á þessu svæði. Almanna- og vísindamenn hafi áður séð á þessu svæði.

NÁTTÚRUVÁ

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



„Gögnin okkar sýna áfram hrinukennda og nokkuð ákafa skjálftavirkni og landris. Aflögunarmælingar sýna að landris heldur áfram á svæðinu við Þorbjörn og eru vísendingar um aukinn hraða á þenslu frá því á föstudaginn 3. nóvember. Frá 27. október hefur land risið um sjö sentimetra skv. GPS-mælistöðinni á Þorbirni,“ sagði Kristín og bætti við: „Túlkunin á þessum gögnum er áfram sú að kvikusöfnun eigi sér stað á um fimm kílómetra dýpi á svæði norðan og vestan Þorbjörns og að Sýlingafelli. Samkvæmt uppfærðum líkanreikningum sem byggja á gögnum frá 27. október til 3. nóvember hefur kvikusýlla myndast þarna en hún er nú orðin

tvöfalt stærri en þær fjórar syllur sem mynduðust við Þorbjörn á árunum 2020 til 2022. Þessi líkón benda enn fremur til að innflæði kviku í sylluna sé um sjö rúmmetrar á sekúndu sem er fjórfalt meiri hraði en við fyrri syllumyndanir í Þorbirni. Við túlkum þetta sem svo að þetta sé kröftugri atburður en við höfum áður séð á þessu svæði,“ sagði Kristín.

Á upplýsingafundinum velti Kristín því upp við hverju væri að búast. „Á meðan kvikusöfnunin heldur áfram má gera ráð fyrir hviðukenndri skjálftavirkni á Reykjaneskaga vegna þess að kvikuinnskotið veldur aukinni spennu á svæðinu. Innskotin við Þorbjörn eru þannig frábrugðin þeim við Fagradalsfjall að þau liggja lárétt í syllum en ekki lóðrétt. Slíkar kvikusýllur geta orðið mjög stórar og vaxið lengi án þess að komi til goss. Syllan þykkar smám saman og dreifir úr sér til



Grindavík með Þorbjörn og umbrotasvæðið í baksýn. Ljósmynd: Skessuhorn

hliðanna. Þessi nýja sylla er talin vera um metri á þykkt og sex milljón rúmmetrar að stærð.

Spurningin sem liggur í loftinu er auðvitað þessi; verður gos og þá hvar og hvenær? Það er ekki hægt að svara þessari spurningu aðráttarlaust í dag [mánudag]. Líkurnar aukast á því þegar dagarnir líða en þetta er þrettándi dagur í virkninni.“

Kristín reyndi að svara spurningunni um hvar væri líklegast að myndi gjósa. „Miðað við líkón

Veðurstofunnar af staðsetningu syllunnar þá eru líklegustu gossstaðirnir, ef það kemur til goss, vestan og norðan við Þorbjörn og að Sýlingafelli. Það er hins vegar ekkert sem bendir til þess að kvika sé komin nálægt yfirborði miðað við stöðuna núna. Við þurfum hins vegar alltaf að minna okkur á að atburðarásin getur breyst hratt og því erum við að fylgjast með ákveðnum merkjum sem við myndum sjá og væru sterkar vísendingar um að kvika sé að færast upp á yfir-

borðið. Sem dæmi um þessi merki þá myndum við búast við ákveðnu mynstri í aflögunargögnum og sjá aukningu í grunnri jarðskjálftavirkni í aðdraganda goss,“ sagði Kristín Jónsdóttir, fagstjóri náttúruvöktunar hjá Veðurstofu Íslands.

Hún vildi einnig ítreka að á Veðurstofunni er sólarhringsvakt og fundað er reglulega með almanna- vörnum vegna þeirra atburða sem nú eru í gangi.



Orkuverid í Svartsengi. Ljósmynd: Skessuhorn

Allt hreint
Umhverfissvöttuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

Þarf að vera hiti á húsum svo þau séu íbúðarhæf

Páll Erland, forstjóri frá HS Veitum, sagði á upplýsingafundi Almanna- og vísindamanna á mánudag að fyrirtækið væri með starfsfólk á öðrum starfssvæðum sem gæti komið til aðstoðar ef á reynir og þessir atburðir dragast á langinn. „Við höfum líka fengið hjálp og vilyrði frá öðrum veitufyrirtækjum, eins og til dæmis Rarik og Veitum, sem eru boðin og búin með mannskap, vélar eða vörur ef á þarf að halda. Þetta eru fyrirtæki í mjög svipaðri starfsemi og þekkjast þar af leiðandi vel til verka. Það munu allir leggja sitt af mörkum ef að á reynir,“ sagði Páll.

Páll segir að HS Veitur séu nú þegar búnar að undirbúa rafmagnsleysi í Grindavík á þann hátt að greina kerfið, hvar sé hægt að koma upp varavélum til þess að taka við ef ekki berst rafmagn annars staðar frá til Grindavíkur. „Við erum búin að slétta plön, fá leyfi, klára tengingar og fá vélarnar. Eftir því sem þörf krefur eru til nógu margar vélar sem geta dekkjað þessa almennu rafmagnsnotkun í Grindavík sem snýr þá að heimilum og almennum fyrirtækjum og stofnunum. Stórir notendur þurfa að nýta sínar eigin varavélar og vera með sinn viðbúnað og eru upplýst um það enda verður alltaf takmarkað sem hægt er að koma inn á kerfið af rafmagni á svona tímum.“

Varðandi önnur svæði, því kerfið okkar er þannig upp byggt að það er annars vegar Grindavík og hins vegar Fitjar í Reykjanesbæ, þá erum við betur sett hvað varðar flutningskerfi rafmagns og erum tengd í raun frá þremur stöðum. Frá Svartsengi, Reykjanesvirkjun og ekki síst Suðurnesjalínu. Þó að Svartsengi færi út þá erum við að fá rafmagn frá öðrum leiðum.

Ef til svo mikils rafmagnsleysis kemur og ef hitaveitan er farin út þá þurfum við að átta okkur á



Frá upplýsingafundi Almanna- og vísindamanna á mánudaginn. Ljósmynd: Veðurstofa Íslands

því að fólk reynir jafnvel að hita húsin sín með rafmagnsöfnum. Við erum búnir að greina hvað kerfið okkar þolir, því á hitaveitusvæðum eru rafdreifikerfin ekki byggð til að þola rafhitun, heldur aðra almenna notkun.

Það er með öruggum hætti hægt að setja tvö til þrjú kílóvött inn á hvern mæli. Það þýðir að í því ástandi er rafmagnskerfið viðkvæmt og mikið álag á því. Þá mun reyna á fólk og samstöðu þess,“ segir Páll.

Páll sagði rétt að minna á að það er mikilvægt að vera með hlaðna síma og önnur tæki sem við treystum á dagsdaglega.

„Með tilkomu rafmagnsbíla er rétt að muna að það er ráðlagt fyrir fólk að hafa þá hlaðna á öllum tímum því það verður ekki hægt að hlaða þá ef kemur til svona neyðarástands.“

HS Veitur eru búnar að staðsetja og greina varavatsnból bæði fyrir Grindavík í samstarfi við sveitarfélagið og líka fyrir hin þéttbýlissvæðin; Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Sveitarfélagið Voga. Þar er nú þegar í gangi undirbúningur sem miðar að því að geta tengt kalt vatn og afhent það í hús þó að í takmarkaðra mæli verði heldur en nú er. Í öllum tilfellum er verið að tala um takmarkaða afhendingu, ef einhverja, til stórra notanda og iðnaðar.

„Heita vatnið er það sem við köllum stærsta sviðsmyndin, því

við erum að fara inn í vetur og það að sé hiti á húsum hefur með það að gera hvort þau séu íbúðarhæf. Það eru rúmlega 30.000 íbúar á svæðinu sem treysta á hitaveituna. Þessi sviðsmynd sem við erum að horfa til sem er sú svartasta, er mjög erfið hvað það varðar. Það getur farið svo að það reyni ekkert á hitaveituna þó svo það komi eldgos. Það getur líka verið þannig að hitaveitan detti út að hluta eða einhverjar lagnir og þá erum við með viðbragðsáætlanir til að grípa þar inn í,“ segir Páll og bætir við:

„Ef svo færi að svartasta sviðsmyndin raungerðist og afhending heits vatns frá Svartsengi myndi með öllu hætta, þá er það mjög stórt vídfangsefni sem við höfum nú tekið höndum saman um, HS Veitur og HS Orka, og teiknað til enda með aðstoð verkfræðistofunnar Verkís. Fundið hvers konar búnað væri hægt að setja sem neyðarkyndistöðvar á svæðinu, hversu mikið afl þyrfti og hvar þær ættu að vera staðsettar, hvar sé hægt að finna vatn fyrir þær og rafmagn fyrir stýribúnaðinn. Þetta liggur núna allt fyrir og við höfum skilað þessum upplýsingum til yfirvalda vegna þess að það er þannig að ef það eru komnar svona miklar náttúruhamfarir og neyðarástand, þá er þetta komið út úr höndum einstakra fyrirtækja að leysa svona mál,“ sagði Páll Erland, forstjóri frá HS Veitum.



845 0900



FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

ARGOFLUTNINGAR.IS

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

Allt fyrir helgina!

Tilboðin gilda 9.–12. nóvember

Nýtt í Nettó
gómsætir réttir frá Bara Mat

20%
appsláttur



KS
Folaldagrillsteik í kryddsmjöri
1.919 kr/kg
2.999-kr/kg

KJARNAFÆÐI
Saltað folaldakjöt
978 kr/kg
1.359-kr/kg

Yogi TEA
ORGANIC
Heilsuvara vikunnar
Christmas Tea
Yogi jólate
495 kr/pk
619-kr/pk

ÄNGLAMARK
Gerum hreint með umhverfisvænum hreinsiefnum

Krossmói
Opið 10–19

lðavellir
Opið 10–21

Grindavík

Opið virka daga 9–19
Opið um helgar 10–19



Safnaðu inneign og fáðu betra verð með appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Séra Sigfús látinn

Sr. Sigfús Baldvin Ingvason er látinn sextugur að aldri. Frá þessu er greint á kirkjan.is. Sigfús fæddist á Akureyri þann 10. apríl árið 1963. Foreldrar hans eru Ingvi Svavar Þórðarson og Ásgerður Snorradóttir.

Sigfús varð stúdent frá Verkmenntaskólanum á Akureyri árið 1986 og cand. theol. frá Háskóla Íslands 1. febrúar árið 1992. Hann hafði umsjón með sunnudagaskóla í Digranessókn og sá um barna- og æslulýðsstarf KFUM og KFUK. Hann var starfsmaður Kristilegra skólasamtaka og forstöðumaður sumarbúða KFUM og KFUK á Hólavátni. Hann var fræðari á fermingarnámskeiðum í Skálholti og hafði umsjón með félagsstarfi fatlaðra í Reykjavík. Hann var æskulýðsfulltrúi í Fella- og Hólakirkju. Sr. Sigfús var vigður þann 15. ágúst árið 1993 til Keflavíkurkirkju. Hann



leysti af sem sóknarprestur í Útskálaskókn í Kjalarnesprófastsdæmi árin 1995–1996. Hann baðst lausnar frá embætti þann 1. ágúst árið 2015 af heilsufarsástæðum.

Eftirlifandi eiginkona sr. Sigfúsar er Laufey Gísladóttir. Dætur þeirra eru Birta Rut Tiasha og Hanna Björk Atreye.

Náttúran er illa fyrirsjáanleg

„Við gerum okkur fulla grein fyrir alvöru hamfara líkt og þeim sem búast má við á Reykjaneskaganum. Viðbúnaður núna miðast við að einhverjar klukkustundir gefist til að bregðast við ef merki koma fram um að kvika sé á leiðinni til yfirborðs. Allan sólarhringinn eru mælitæki vísindafólks vöktuð. Hættumat almannavarna og vísindafólks er uppfært að minnsta kosti einu sinni á sólarhring og oftar þegar öflugar hrínur eru í gangi. Núna erum við með viðbúnað almannavarna á óvissustigi, sem er fyrsta stigið af þrem,“ sagði Víðir Reynisson, sviðsstjóri Almannavarna, á upplýsingafundi sem almannavarnadeild ríkislögreglustjóra boðaði til á mánudag.

Víðir sagði á fundinum að Almannavarnir hafi notað reynsluna af þremur gosum á Reykjaneskaga, 2021, 2022 og 2023, til að vinna að áætlunum um vernd byggðar og einnig mikilvægra og ómissandi innviða en jarðhræringar á Reykjaneskaganum byrjuðu í árslok 2019 og hefur undirbúningur staðið yfir frá því í ársbyrjun 2020.

„Við vitum líka að ekki verður allri ógn varist og því mikilvægt að strax í janúar 2020 voru útbúnaðar áætlanir um að forða almenningi, og þá sérstaklega þeim sem búa næst núverandi umbrotasvæði. Gerðar hafa verið rýmingaráætlanir og þær uppfærðar reglu-



Víðir Reynisson

lega með aukinni þekkingu á eðli eldgosanna og ekki síst tilfærslu á þeirri virkni sem nú hefur raungerst.“

Víðir sagði á fundinum að á þessum tíma hafa umfangsmiklar greiningar verið gerðar á hvað gæti verið í hættu og ýmsar sviðsmyndir

NÁTTÚRUVÁ

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



unnar með hermun hraunflæðis í samstarfi fjölda vísindamanna og annarra sérfræðinga.

„Við gerum okkur líka grein fyrir að náttúran er illa fyrirsjáanleg og því mikilvægt að horfa sífellt til þess að næstu atburðir geta verið með allt öðrum hætti en þeir sem við höfum reiknað með hingað til. Því hefur almannavarnakerfið unnið gríðarlega mikla vinnu í að samþætta og samhæfa alla þá sem hafa hlutverk og gætu gegnt í hamförum.“

Það er okkar mat að við séum ágætlega undirbúin og verðum betur undirbúin með hverjum deginum sem líður. Auk rýmingaráætlana til að tryggja öryggi fólks hefur áherslan verið á þá þætti sem teljast ómissandi mikilvægir innviðir og þar á ég bæði við heitt og kalt vatn, rafmagn, samgöngur, fjarskipti og fleira.“



Reykjanes Optikk



Við erum á Aðaltorgi - verið velkomin!

Áratuga reynsla Sjónmælingar
Góð þjónusta Linsumælingar
Falleg vara Sjónþjálfun
Nýjungar í sjónglerjum og tækjum

Tímamantánir í síma 420-0077 og á heimasíðu www.reykjanesoptykk.is
Fylgdu okkur á Instagram og Facebook @reykjanesoptykk.is



Bláa lónið í Svartsengi og svæðið þar sem landrisið er mest í baksýn. Ljósmynd: Skessuhorn

Ekki bíða með rýmingu þar til gos er hafið

„Við erum komin í það viðbragð að rýma Svartsengi, Bláa lónið og Grindavík ef við höfum einhvern grun um að gos sé í aðsigi. Ekki bíða þar til gos er hafið,“ segir Þorvaldur Þórðarson, prófessor í eldfjalla- og bergfræði við Háskóla Íslands, í samtali við Víkurfréttir. Hann hefur áhyggjur af þeirri stöðu sem upp er komin og segir að það geti verið of seint að bíða með rýmingu fram að þeim tíma að gos sé hafið.

„Við erum komin á ákveðið spennustig. Mér er óhætt að segja það. Þetta heldur bara áfram og það byggist upp meiri þrýstingur í þessum geymi þarna fyrir neðan.“

Á hvaða tíma erum við að horfa?

„Við vitum það ekki. Það er að safnast í geymslutank þarna undir og því meiri þrýstingur sem byggist upp í honum, og ef þakið á honum brestur, þá verður aflíð meira á gosinu. Við fáum öflugri kviku- stróka og til verður kviku- stróka- hraun og slík hraun geta farið með þeim hraða að það eru tugir kílómetra á klukkustund.“

Þorvaldur segir að það sé ekki vitað fyrir víst hvort atburðarásin endi með gosi. „Það er ekkert sem segir okkur að gos sé á leiðinni.“ Þá séu það grynri skjálftar sem hann hafi meiri áhyggjur af.

Í Fagradalsfjalli var kvikan að koma af tíu til fimmtán kílómetra dýpi en núna er kvikan að safnast fyrir í geymi á fjögurra til fimm kílómetra dýpi. „Eftir því sem flæðið heldur áfram og þessi atburðarás heldur lengur áfram, því meira magn safnast fyrir í þessum geymi og því meira byggist upp



Þorvaldur Þórðarson

þrýstingur í honum. Því meiri yfirþrýsting sem þú byggir upp áður en þakið brestur, ef það er tími til þess, þeim mun öflugra verður gosið,“ segir Þorvaldur.

„Ef að þetta fer í gos þá verður það ekki svona þægilegt eins og það var í Fagradalsfjalli. Við getum búist við öflugri byrjun á gosi, hvort sem hún verður í einhverjar mínútur eða klukkustund með mikilli framleiðni. Ef sú byrjun nær að búa til hraun sem er að fara tuttugu kílómetra á klukkustund þá fer það fimm kílómetra á stundarfjórðungi. Viðbragðstíminn minnkar ef þetta kemur upp á þessum stöðum sem rætt er um, hvort sem það er í Eldvörpum, Illahraungígum vestan við Þorbjörn eða í Sundhnjúkasprungunni. Sá líklegasti er Illahraunssprungan og

þaðan er kílómetri í Svartsengi og fimm kílómetrar í Grindavík.“

Þorvaldur segir að jarðhitageymirinn undir Svartsengi hafi lítil áhrif á kvikuna þar sem vatnið er það heitt. Það er þó möguleiki á að úr verði öskufall. „Hitt er þó líklegra að þetta komi upp í kviku- strök en það er hraunflæðið sem ég hef áhyggjur af. Við erum að tala um einhverjar mínútur í viðbragði. Það segir sig sjálft að við þurfum að vera búin að framkvæma aðgerðir áður en það kemur til goss.“

Hver eru þín ráð til þeirra sem fara með þessu mál?

„Við erum komin í það viðbragð að rýma allavega Svartsengi, Bláa lónið og Grindavík ef við höfum einhvern grun um að gos sé í aðsigi. Ekki bíða þar til gos er hafið.“ Þorvaldur segir að það geti verið of seint að bíða með rýmingu fram að þeim tíma að gos sé hafið.

Yfirþrýstingurinn getur brotið bergið fyrir ofan og þá kemur kvikan mjög hratt upp. „Fjórir kílómetrar er ekki mikið dýpi.“ Þorvaldur segir að kvika fari upp einhverja sentimetra á sekúndu og í verstu tilfellum erum við að tala um einn metra á sekúndu og það eru 3.600 sekúndur í klukkustundinni. Það gerir þá rétt rúma klukkustund fyrir kvikuna að komast upp af þessu dýpi sem hún er á í dag sé horft til dekkstu sviðsmyndarinnar.

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA
VF **magasín**



HÁTÍÐARSTRAUMAR TOYOTA

STÓRSÝNING

LAUGARDAGINN 11. NÓVEMBER KL. 12-16

Komdu og skoðaðu rafmagnað bílaúrval hjá Toyota Reykjanesbæ, viðurkenndum söluaðila Toyota á Íslandi, og reynsluaktu. Nú girum við okkur upp fyrir veturinn með söluráðgjöfum okkar sem eru í samningastuði.

Við bjóðum upp á hátíðlegt góðgæti fyrir alla fjölskylduna frá Myllunni, Nóa Sírusi og Ölgerðinni.



bZ4X
100% RAFMAGN

RAV4
PLUG-IN HYBRID

PRIUS
PLUG-IN HYBRID

PROACE
CITY VERSO ELECTRIC
100% RAFMAGN

Rafmagnað happdrætti

Reynsluaktu rafdrifnum bílum sýningarinnar og þú gætir unnið 50.000 kr. gjafabréf í Smáralind. Já, þú gætir orðið reynslunni ríkari!

TOYOTA TRYGGINGAR
váttrygt af TM

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílarinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 3 ára þjónusta fylgir öllum nýjum bílum sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



A N G A N N B T S Í L D A G M
L B N A É Æ Ú T M Í S A B M A
M Æ N I R A R R Ú H É G L A G
A N D A R Ú T A T 8 8 G Ö L Á
N O K T L U S T S S R A G A L
N Æ G B Ú L G Ó E T I K P N L
A S Ú M Á L E N G D A R A N T
V O L G B A L F A S T A K Á R
A Ý A O Ú R T Í A G N E S T I
R R N S A P A T R G U S T U R
N Ó D Ó N E N G L I N K S Ú G
I G L R D Y D P É T N I I A T
R Í A Ó I S I G F A A L L V S
A G U I Ó A B K A G U A R Ý K
É Æ S Ú T A R U T Ý Ð R A J S

SÝLINGAFELL
LÁGAR
KVIKUGANGURINN
GUSTUR
AGNES
ULLARPEYSA
ÁLENGDAR
ALMANNAVARNIR
KRISTRÚN
ANGAN

JARÐÝTUR
NÆRAST
MAGÁLL
ÁLÖG
KÝRAUGA
ANDLAUS
GOSÓRÓI
NUNNA
HÚRRA
GELTANDI

Gangi þér vel!

Frostlög inn á lokað kerfi og blása vatni út úr lögnum

■ segir Þorsteinn Einarsson, pípulagningamaður. Mikilvægt til að koma í veg fyrir frostskemmdir sem er hætta á ef heitt vatn stöðvast frá Svartsengi vegna eldgoss. Gæti orðið stórtjón ef ekki er brugðist við.

„Það þarf að setja frostlög inn á lokað kerfi og tæma neyslulagnir en ef ekki er um lokað kerfi að ræða, þarf að blása vatni út úr lögnum,“ segir pípulagningarmaðurinn Þorsteinn Einarsson í Grindavík.

Þorsteinn er eigandi Lagnaþjónustu Þorsteins. Hann segir mikilvægt að ekki frjósi í lögnum hjá húseigendum. „Ef versta sviðsmyndin birtist okkur og ekkert heitt vatn berst frá Svartsengi, þarf að passa upp á að ekki frjósi í lögnum. Ef um lokað kerfi er að ræða, þarf að setja frostlög inn á kerfið en líka að blása vatni út af neyslulögnum. Ef kerfið er ekki lokað þarf að blása öllu vatni út af neyslu- og heitavatslögnum. Þetta er kannski ekki á færi allra að gera og því hvet ég fólk til að hringja í sinn pípara og fá ráðleggingar. Ég er búinn að vera kaupa frostlög og búnað til að geta brugðist við ef

allt fer á versta veg, t.d. er ég með ljósavélar til að keyra þann búnað sem ég þarf að nota ef út í þessar framkvæmdir fer. Það eru mjög margir með snjóbræðslukerfi, það væri gott á að byrja á að taka allt út af þeim, við getum lifað einn vetur án þess að vera með snjóbræðslu. Ef það myndi frjósa í þeim lögnum væri það stórtjón fyrir viðkomandi. Ég er með sex manns í vinnu og ef eða þegar við förum út í þessar aðgerðir, sé ég fyrir mér að við verðum tveir í hverju húsi. Það mun taka nokkra klukkutíma að afgreiða hvert hús. Það eru fleiri pípulagningarmenn í Grindavík og auðvitað eru píparar í öllum bæjarfélögum og eflaust myndum við fá aðstoð af höfuðborgarsvæðinu, það verður mjög brýn nauðsyn á að klára þetta verkefni, öllur önnur verk hjá okkur fara í bið. Ég er að aftengja snjóbræðsluna heima hjá mér og hreinsa vatn út af henni.

NÁTTÚRUVÁ

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Það er gott að vinna sér í haginn. Annars hvet ég alla til að hafa strax samband við sinn pípara og fá ráðleggingar,“ sagði Þorsteinn.



Þúsundum tonna af fiski ekið suður frá hinum ýmsu höfnum

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
gisli@aflafrettir.is



Móðir náttúra hefur heldur betur verið upptekin núna síðan 2020. Þrjú eldgos og það virðist sem að fjórða gosið sé að hefjast – og það á stað sem er kannski ekki beint sá heppilegasti.

Gos hefur kannski ekki mikil áhrif á sjávarútvegshliðina nema ef pælingar vísindamanna ganga eftir en þeir hafa verið með allskonar fullyrðingar um að þetta og hitt geti gerst – ein pælingin er að hraun nái að loka höfninni til Grindavíkur.

Náttúran er eitthvað sem enginn getur stjórnað og sérstaklega eldgosin en hægt er að stýra hrauninu frá því að það hefði áhrif sjávarútvegslega séð, þannig að skaðinn yrði sem minnstur.

Annars má segja að nýliðinn október hafi verið gríðarlega góður fyrir útgerðir línubátanna í Grindavík því aflinn hjá bátunum var ansi mikill.

Einhamarsbátarnir voru með 505 tonna afla og af þeim var Gísli Súrsson GK með 202 tonn í átján róðrum. Stakkavíkurbátarnir voru með 523 tonn, það voru fimm bátar og var Hópsnes GK þeirra

aflahæstur með 135 tonn í nitján róðrum.

Hjá Þorbirni ehf. komu á land 688 tonn af tveimur skipum, togaranum Sturlu GK sem var með 492 tonn og línubátunum Valdimar GK en hann bilaði og náði aðeins tveimur róðrum, samtals 195 tonnum.

Mikið var um að vera hjá Vísi ehf. því bátar á vegum þess fyrirtækis komu með á land alls 2.740 tonn, mestallt af þessu var frá línubátunum nema 460 tonn sem komu frá togaranum Jóhönnu Gísladóttir GK. Páll Jónsson GK var með 709 tonn í fimm róðrum og Fjölnir GK 686 tonn í sex róðrum.

Hjá Nesfiski ehf. í Garði komu 1.347 tonn af sex bátum á land. Premur dragnótábátunum þar sem Síggi Bjarna GK var með 159 tonn í fimmtán róðrum, Margréti GK sem var með 130 tonn á línu og öllu landað í heimahöfn bátsins, Sandgerði. Svo voru tveir togarar, Sóley Sigurjóns GK með 505 tonn í fimm og Pálína Þórunn GK með 316 tonn líka í fimm löndunum.

Hjá Hólmgími komu 204 tonn á land af þremur bátum og var

Friðrik Sigurðsson ÁR með 159 tonn í 25 róðrum og allir þessir bátar voru á netum, hinir voru Sunna Líf GK og Addi Afi GK.

Þrátt fyrir þennan mikla afla var litlum hluta hans landað á Suðurnesjum, það voru einungis bátarnir hjá Hólmgími og dragnótábátarnir frá Nesfiski, auk Margrétar, sem lönduðu í heimahöfnum sínum.

Þetta þýddi að um fimm þúsund tonnum af fiski var ekið frá hinum ýmsu höfnum á landinu, að mestu til Grindavíkur eða um 4.400 tonnum og um 700 tonnum í Garð og Sandgerði. Reyndar var meira af fiski ekið suður því í Sandgerði eru t.d. stór fiskvinnslufyrirtæki sem kaupa fisk á fiskmörkuðum og mestu af því er ekið suður til Sandgerðis.

Bílarnir frá Jóni og Margeiri hafa haft nóg að gera við að keyra fiski en auk þess eru Stakkavík og Einhamar bæði með sína eigin bíla í þessum miklum fiskflutningum.

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Fyrsta íbúðauppbyggingin á Ásbrú síðan Varnarliðið fór



Stefnt að því að framkvæmdir við 150 íbúðir hefjist innan tveggja ára. Verslun og þjónusta einnig efl. Íbúar verði orðnir fimmtán þúsund innan þrjátíu ára.



„Við erum að brjóta blað í sögu Ásbrúar með því að hefja uppbyggingu á ný. Hér er markmiðið að fjölga íbúðum og íbúum og efla verslun og þjónustu. Við vonumst til að framkvæmdir geti hafist innan tveggja ára. Þessi reitur sem við erum að auglýsa mun rúma að lágmarki 150 íbúðir ásamt verslun og þjónustu og verði fullbyggður innan sex til átta ára,“ segir Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri hjá Kadeco.

Kadeco leitar nú kauptilboða í byggingarrétt fyrir 150 íbúðir, alls um 13.500 fermetrar á svonefndum Suðurbrautarreit á Ásbrú. Verkefnið er hluti af nýrri Þróunaráætlun Kadeco, K64. Kaupandi mun vinna deiliskipulag fyrir svæðið, sem er 3,3 hektarar að flatarmáli, í samvinnu við Kadeco og Reykjanesbæ.

Gert sé ráð fyrir misháum byggingum, allt að fjögurra hæða, til að tryggja fjölbreytni og 150 íbúðum að lágmarki. Einnig sé gert ráð fyrir skjólgóðu nærumhverfi, innigörðum og góðum göngutengingum við nærliggjandi svæði. Bílastæði verði aðallega eða eingöngu á yfirborði og deilt á minni svæði, aðgreind með trjágróðri til að falla vel að umhverfinu.

Um er að ræða fyrstu uppbygginguna íbúða síðan bandaríski herinn yfirgaf landið árið 2006. Ríkið eignaðist allt húsnæði á Keflavíkurflogvelli, nú Ásbrú, þegar Varnarliðið fór af landi brott. Nú er nær allt húsnæði á svæðinu í eigu einkaaðila, fyrirtækja og leigufélaga. Íbúar á Ásbrú eru nú um 4-5 þúsund manns en gert er ráð fyrir að íbúar á Ásbrú verði orðnir 15 þúsund innan þrjátíu ára.

„Næsta skrefið er að hefja deiliskipulagsvinnu á þessu svæði fyrir þessar 150 íbúðir eða meira. Samstarfsaðilinn mun fá byggingarétt á þessu svæði. Hann gerir lóðaleigusamninga, hannar og byggir íbúðarhúsnæði, tvær til fjórar hæðir. Auk byggingu íbúða viljum sjá nærþjónustu aukast. Þessi suðurbæjarreit er á framtíðar miðbæjarsvæði. Þar viljum við sjá verslanir og þjónustu á jarðhæðum og íbúðir á efri hæðum. Deiliskipulags og hönnunarvinna um taka einhverja mánuði en við vonumst til að framkvæmdir geti hafist innan tveggja ára og að allt svæðið verði fullbyggt innan 6-8 ára. Við höfum átt í góðu samtali við Reykjanesbæ að þróa svæðið og að uppfæra rammskipulag fyrir Ásbrú og síðan er það á döfinni að vera í meira samtali við íbúa á svæðinu en einnig að bjóða út fleiri reiti á Ásbrú. Við finnum klárlega fyrir meiri áhuga fyrirtækja og aðila á Ásbrúarsvæðinu,“ segir Samúel Torfi.



„... Einnig sé gert ráð fyrir skjólgóðu nærumhverfi, innigörðum og góðum göngutengingum við nærliggjandi svæði. Bílastæði verði aðallega eða eingöngu á yfirborði og deilt á minni svæði, aðgreind með trjágróðri ...



Jóla Pop Up markaður

Gallerí Skart

Samkomuhúsinu Sandgerði

11-12 nóvember
Gjánni Grindavík
18-19 Nóvember
opið frá 12-17
 Heit kaffi og konfekt á boðstólum

Fyrirtæki og hannyrðafólk sem taka þátt

Piccolo Barnavörur	Freyjan.is
Beggi	Dexus Hf
Handverk ömmu steinku	Cordelia
Allt er vænt	Ársól
Heitar súkkulaði bombur	Ljós í Tilveruna
Hermosa.is	Björg Kristinsdóttir
Eykta	RBE verk
Perlur og Leður	Ágústa Óskarsdóttir
Marion Herrafataverslun	Ólöf Rós
Sálarannsóknaf.Suðurnesja	www.krakkakrútt.is

Þeir sem styrktu verkefnið eru
 Kaffitár, Góa, Mypos, Íslandbanki, Sjóvá,
 Allt fasteignir, Íslandspóstur,
 Sláturfélag Suðurlands



Bjarni við hlið Þorsteins Ólafssonar í fyrsta leik sínum með ÍA, einmitt á móti Keflvíkum.

Landliðsmarkverðirnir voru stjórnur leiksins



Bjarni starfar í dag hjá Wisefish.

Ekki pláss fyrir Bjarna í Keflavíkurmarkinu

Markvörðurinn **Bjarni Sigurðsson** átti farsælan feril í fótboltanum og vann marga titla með Skagamönnum á knattspyrnuvelli. Var atvinnumaður í Noregi og nýtti tímann þar til að mennta sig.

„Ég skipti yfir í ÍA því það voru tveir Þorsteinar fyrir framan mig í Keflavíkurlíðinu,“ segir Bjarni Sigurðsson en hann er líklega þekktastur sem knattspyrnumarkmaður.

Bjarni átti frábæran knattspyrnuferil, bæði hér á landi og í Noregi sem atvinnumaður og síðast en ekki síst spilaði hann 41 landsleik fyrir Íslands hönd. Kannski vita ekki allir að Bjarni er Keflvíkingur, ólst þar upp, æfði og spilaði upp alla yngri flokka með Keflavík en þar sem tveir öflugustu markmenn Íslands á þeim tíma voru fyrir framan hann í goggunarröðinni færði hann sig um set og hóf meistaraflökksferilinn með Skagamönnum, ÍA. Eftir sigursæl tímabil með ÍA gerðist hann atvinnumaður í Noregi og ákvað að nýta tækiferið og mennta sig í leiðinni. Hann er tölvunarfræðingur og hefur unnið við það síðan knattspyrnuferlinum lauk.

Bjarni á bara góðar minningar frá æskunni í Keflavík. „Ég er fæddur árið 1960 í Keflavík, gekk í skólann sem í dag er Myllubakka-skóli og útskrifaðist úr FS. Ég byrjaði snemma að æfa fótbolta og handbolta sem þá var nokkuð vinsæl íþróttgrein í Keflavík. Ég var vinstri skytta en í fótboltanum var mér strax hent í markið, ég gat ekkert í fótbolta svo það hentaði best að setja mig í markið. Ég er ekki viss um hvernig mér myndi reiða af í dag því fótboltinn hefur breyst svo mikið, nú er gerð miklu ríkari krafa á markmanninn að geta tekið þátt í uppspilinu en á þessum árum mátti markmaðurinn taka boltann með höndunum eftir sendingu frá samherja. Þegar ég kom upp í FS spilaði ég líka körfu, lék með mönnum eins og Axel Nikulássyni heitnum og mér er minnisstætt að honum var oft flogið í leiki frá Keflavík og í Reykjavík. Einar Dagbjartsson flugmaður var þá í FS og þetta hentaði, hann þurfti að safna flugtímum og skaut á milli með Axel. Fótboltinn var nú samt alltaf númer eitt hjá mér en þó ætlaði ég að hætta þegar ég var fimmtán ára


gamall en þá fékk ég símhringingu frá Hólmberti Friðjónssyni sem þá var þjálfari meistaraflökks Keflavíkur. Það þurfti ekki miklar fortölur, ég byrjaði strax að æfa en þá skiptust nafnarnir Þorsteinn Ólafsson og Bjarnason á að verja markið svo það var ljóst að ég myndi ekki komast í liðið alveg strax en þetta var lærdómsríkur tími. Ég man að ég fékk séns í lok tímabils á móti Breiðabliki, gerði mistök og missti boltann undir mig en allir markmenn lenda í því. Ég æfði áfram með Keflavík næstu ár en árið 1979 urðu breytingar hjá mér.“

Skagamenn skorðu mörkin

Í leik árið 1979 í Litla bikarnum sem var æfingamót sem fram fór á vorin, gerðist það í leik Keflvíkinga á móti ÍA, að markmanni Skagamanna, Jón Þorbjörnssyni sinnaðist við liðsfélaga sína í vörninni. Hann tók af sér hanskana í miðjum leik og hætta! Hörður



Bjarni var kosinn besti leikmaður Íslandsmótsins árið 1984.



Bjarni í einum af 41 landsleikjum sínum ásamt fjölda Keflvíkinga. Lengst til vinstri er Guðni Kjartansson sem var aðstoðarlandsliðsþjálfari á þessum tíma, Ragnar heitinn Margeirsson er við hlið hans. Við hlið Bjarna er Þorsteinn Bjarnason og lengst til hægri er nuddarinn Þorsteinn Geirharðsson.

Helgason sem síðar átti eftir að þjálfa Skagamenn, fór í markið en þjálfari Skagamanna tók ekki í mál að Jón ætti afturkvæmt í liðið og spurði einn leikmanna ÍA hvort hann þekkti markmann og viðkomandi benti á Bjarna því þeir höfðu verið saman í átján ára landsliðinu. Fyrsta verkefni Bjarna með ÍA var ævintýraferð til Indónesíu. „Ég skipti strax yfir í ÍA, Steinarnir voru að verja markið í Keflavík svo ég sá að ég myndi ekki fá sénsinn fljótlega og því lá þetta beinast við. Ég fór með ÍA í þessa eftirminnilegu ferð sem kom til vegna þess að Pétur Þórsson var nýgenginn til liðs við Feyenoord í Hollandi frá ÍA og þeim stóð til boða að fara til Indónesíu en gátu ekki þekkt boðið og bentu á ÍA í staðinn. Ferðin gekk vel og ég sá að ég ætti góða möguleika á að verða aðalmarkmaður Skagamanna en Hörður Helga gerðist fljótlega aðstoðarþjálfari liðsins og átti síðan eftir að taka alfaríð við. Fyrsti leikur okkar í Íslandsmótinu var einmitt á móti Keflavík,

leikur sem endaði 0-0 og við Þorsteinn Ólafs taldir bestu leikmenn leiksins. Ég spilaði strax vel og var fljótlega valinn í A-landsliðshópinn og Skagaliðinu gekk nokkuð vel, við vorum alltaf í efri hlutanum og urðum síðan bikarmeistarar árið 1982 en ég reyndar missti af úrslitaleiknum vegna meiðsla. Þarna var Sigurður Jónsson, þá aðeins sextán ára gamall, kominn inn í liðið og hann gjörbreytti liðinu, ótrúlegur leikmaður! Hörður Helga tók svo við liðinu fyrir '83 tímabilið og þá upphófst mikil sigurganga þar sem við unnum tvöfalt, tvö ár í röð. Unnum ÍBV í fyrri úrslitaleiknum og Fram í þeim seinni, lentum undir í báðum leikjum en við einfaldlega trúðum ekki að við gætum tapað. Þetta var ótrúlega sterkt lið og gaman að vera hluti af því en eftir þessa miklu sigurgöngu breyttist liðið mikið og við Siggí Jóns fórum í atvinnumennsku, hann til Englands en sjálfum bauðst mér að ganga til liðs við Brann í norsku úrvalsdeildinni,“ segir Bjarni.

VIDTALIÐ

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vfi.is



Mennt er máttur

Bjarni var næstu fjögur tímabilin í Noregi og þótt að um fulla atvinnumennsku væri að ræða, leiddist honum fljótt þófið og vildi nýta tímann til að mennta sig og lærði tölvunarfræði. „Þetta var skemmtilegur tími hjá Brann, við vorum nokkrir Íslendingarnir sem spiluðum á sama tíma með liðinu og um tíma þjálfaði Teitur Þórðarson okkur. Ólafur bróðir hans sem hafði spilað með mér með ÍA gekk til liðs við okkur og Sævar Jónsson úr Val og okkur gekk nokkuð vel án þess þó að vinna neina titla. Eftir smá tíma í atvinnumennskunni fann ég að ég vildi geta haft eitthvað fyrir stafni og fór því líka í skóla og lærði tölvunarfræði. Þegar ég var búinn að vera í fjögur



Bjarni ungur byrjaður að leika sér með bolta og hans staða á knattspyrnuvöllinum gat aldrei orðið önnur en staða markmanns.

tímabil í Noregi ákváðum við að flytja aftur heim og vissum að við vildum búa á höfuðborgarsvæðinu. Því kom í raun ekki til greina að halda áfram að spila með ÍA enda voru þeir með góðan markmann á þeim tíma, Birki Kristinsson. Ég hafði kynnst Þorgrími Þráinssyni vel í landsliðinu og hann hvatti mig

til að ganga til liðs við Val. Okkur gekk mjög vel, unnum bikarinn t.d. þrjú ár í röð en okkur tókst ekki að landa Íslandsmeistaratitli. Eftir fimm tímabil hafði Brann samband og bað mig um að benda sér á markmann og ég bauðst til að taka eitt tímabil því ég átti eftir að klára námið og fór því út '94 tímabilið.



Hið geysisigursæla lið Skagamanna eftir tvennungu 1984 en liðið vann líka tvöfalt árið 1983.

Ég tók því eitt tímabil í Noregi og gekk svo til liðs við Stjörnuna þegar ég kom heim og lék með þeim í tvö ár. Við fórum upp í efstu deild á fyrra tímabilinu mínu og héldum

sæti okkar nokkuð örugglega en þá lagði ég hönskunum, árið 1996 þá orðinn 36 ára gamall. Ég byrjaði strax í markmannsþjálfun og það átti vel við mig. Ég þjálfaði markmenn Stjörnunnar, Fylkis, Víkings og svo var ég markmannsþjálfari landsliðsins þegar Ólafur Jóhannesson var landsliðsþjálfari. Það eru tíu ár síðan ég hætti þessu en finn að ég myndi hafa áhuga ef kallið kæmi aftur, ég hef sömuleiðis mikinn áhuga á greiningarvinnunni sem er orðinn svo stór hluti nútímaknattspyrnunnar, hún myndi eiga vel við mig.“

Starfsferillinn og áhugamálin

Bjarni réði sig strax í vinnu hjá Skýrr þegar hann sneri úr atvinnu-menskunni í fyrra skiptið og var þar í tuttugu og eitt ár, var hjá Go Gothic sem er tölvuleikjafyrirtæki, vann hjá Íslandsbanka í ellefu ár, fór til Sidekick í 10 mánuði og er nýlega búinn að ráða sig í vinnu hjá Wisefish sem er hugbúnaðar-

fyrirtæki sem tengist sjávarútvegnum. „Þetta er hugbúnaður sem fylgist með frá þeim tíma sem skipið fer til veiða þar til búið er að selja fiskinn. Ég er búinn að vera þarna í fimm mánuði og lýst vel á mig. Ég á eiginkonu, á með henni þrjú börn og það eru komin þrjú barnabörn. Áhugamálin tengjast ferðalögum og hreyfingu, ég bæði hleyp og geng á fjöll. Ég er búinn að heimsækja nokkur af sjö undrum veraldar, er búinn með fimm staði og á því tvo eftir. Ég er búinn að hlaupa fimm maraþon. Ég hef gaman af lestri góðra bóka, tónlist og mér finnst mjög gaman að fara á tónleika. Ég er að læra nudd, er langt kominn með það og svo finnst mér gaman að fara í Bíó Paradís, þar eru sýndar myndir sem flokkast ekki til þessara hefðbundnu kvikmynda, ég hef mjög gaman af því. Annars er markmiðið bara að halda áfram að hafa gaman af lífinu,“ sagði Bjarni að lokum.



Skagaliðið fyrir leik í ferðinni frægu til Indónesíu.


Skráðu þig á

**Matvæla
þing 2023**

HÖRPU 15. NÓVEMBER



Skannaðu kóðann og skráðu þig.
matvaelathing.is



Hringrásarhagkerfið, í samhengi við nýsamþykktu matvælastefnu til ársins 2040, er meginviðfangsefni þingsins sem er nú haldið í annað sinn.

Á þinginu koma saman undir einu þaki þær fjölmörgu og ólíku starfsgreinar sem koma að framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla á Íslandi. Þar myndast vettvangur fyrir samræðu milli neytenda, stjórnvalda og framleiðenda um matvæli í hringrásarhagkerfinu.

Þingið verður sett kl. 9:00 og lýkur kl. 16:00.
Allt áhugafólk um matvæli er hjartanlega velkomið!

Vaxtaverkir á Suðurnesjum – hádegiserindi

Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur frá ATON JL, mun segja frá íbúa- og atvinnubrúun á Suðurnesjum og áhrifum hennar á sveitarfélögin í hádegiserindi Heklnnar, atvinnubrúunarfélags Suðurnesja fimmtudaginn 16. nóvember kl. 12:00–13:00.

Mikill uppgangur og uppbygging hefur orðið á Suðurnesjum á undanföllum árum vegna íbúafjölgunar sem hefur haft margvísleg áhrif á sveitarfélögin á svæðinu og verkefni þeirra. Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað helmingi meira en á landinu öllu síðastliðin tíu ár, hlutfall landsmanna sem búa á Suðurnesjum hefur hækkað um 2% á sama tíma og hlutfall innflytjenda er 28% – en er 18% á landsvísi.

Sigurður hefur unnið samantekt fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum þar sem áhrif þess-

arar þróunar eru skoðuð á lýðfræði, atvinnulíf og tekjur á svæðinu og skoðaðar leiðir til þess að bregðast við þessari breyttu samsetningu sem kallar á aukna þjónustu. Þar er m.a. skoðuð íbúa- og atvinnubrúun í samhengi við tekju- og útgjaldaþróun sveitarfélaganna, þróun á þjónustubáttum og íbúasamsetningu.

Sigurður Guðmundsson er skipulagsfræðingur að mennt og starfaði á Framkvæmdastofnun ríkisins, Bygðastofnun, Þjóðhagsstofnun og svo í átján ár í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Síðustu fjögur ár hefur hann unnið að ráðgjafarstörfum, nú hjá Aton.JL. Hann hefur unnið að fjölbættum málefnum, m.a. samskiptum ríkis og sveitarfélaga, loftslagsmálum og skattamálum. Skrá þarf þátttöku á erindið sem fram fer á netinu en allir eru velkomnir.



Jólafransar Lionskvemma til styrktar líknarmála á Suðurnesjum

Kæru velunnarar!

Við erum að fara af stað með sölu á sælgætiskrónsunum okkar. Kransinn kostar 8.000 kr. Allur ágóði af sölnunni rennur til líknarmála á Suðurnesjum eins og verið hefur.

Lionskonur munu fara á milli fyrirtækja eins og verið hefur og bjóða kransa til sölu en einnig er hægt að leggja inn pantanir í síma 895 1229 (Gunnþórunn) og 866 3799 (Margrét).

Með ósk um góðar móttökur og þökkum stuðninginn á liðnum árum.

Lionsklúbburinn Freyja.



Árshátíð Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Haldin 25. nóvember næstkomandi að Nesvöllum.

Húsið opnar kl. 18.00. Borðhald hefst kl. 19.00

Setning: Kristján Gunnar formaður FEBS.

Veislustjóri: Kristján Jóhannsson blaðburðadrengur.

Hljómsveit: Hinir stórkostlegu og sívinsælu Bubbi og Vignir sjá um dinner og dansmúsík.

Trúbador: Þorvarður Ólafsson snillingur.

Aðgöngumiði: Verð kr. 8.000 á mann.

Gildir sem happadrættismiði og er innifalinn í miðaverði.

Matur: Glæsilegur þriggja rétta kvöldverður frá Magnúsi Þórisssyni matreiðslumeistara á Réttinum.

Miðar seldir á Nesvöllum 15. og 16. nóvember frá kl. 12.00 til 16.00

Greiðsla: Peningar og posi á staðnum.

Björg Ólafsdóttir: 865-9897

Kristján Gíslason: 898-6354

Baldvin Elís: 662-3333



Systurnar í Kóða, Hildur og Kristín Kristjánsdætur.
VF-mynd/pket.

Kóða fagnar fjörutíu ára afmæli

Ein elsta verslun á Suðurnesjum, Kóða, fagnaði fjörutíu ára afmæli föstudaginn 3. nóvember. „Þetta er orðið langur tími og margt breyst. Þó vaktin sé orðin löng þá erum við erum við enn að og höfum gaman af,“ segja þær systur Kristín og Hildur Kristjánsdætur, eigendur verslunarinnar sem er við Hafnargötu 15 í Keflavík.

Þær systur hafa staðið vaktina í búðinni frá opnun, Kristín sem eigandi en Hildur var starfsmaður strax í upphafi. Þær segja að þjónusta sé stærsta atriðið í svona verslunarrekstri en fyrstu árin var fatnaður á konur og karla í boði en síðar var ákveðið að einbeita sér að kvenfatnaði.

„Tiskan fer í hringi en við höfum alltaf reynt að bjóða upp á gott úrval. Við förum árlega á stóra sýningu í Danmörku þar sem við pöntum okkar helstu merki. Svo förum við á sýningar í París þar

”


Tiskan fer í hringi en við höfum alltaf reynt að bjóða upp á gott úrval.

Við förum árlega á stóra sýningu í Danmörku þar sem við pöntum okkar helstu merki. Svo förum við á sýningar í París þar sem við göngum á milli birgja og pöntum frá þeim ...

sem við göngum á milli birgja og pöntum frá þeim,“ segja þær systur en þær voru einmitt í París í upphafi vikunnar að panta nýjar vörur.

Konur af höfuðborgarsvæðisins hafa í auknum mæli sótt til þeirra í gott úrval og þjónustu en annars eru konur á Suðurnesjum

þeirra helstu viðskiptavinir. „Við vorum þrjú þær þegar við byrjuðum. Nú erum við aðeins eldri þær,“ segja þær og hlæja en Kristín verður sjötug á næsta ári og Hildur er þremur árum yngri. Þær eru líklega fáar konur sem hafa ekki komið í Kóða og margar hafa verið reglulegir viðskiptavinir þeirra systra í áratugi. „Jú, þær eru margar sem hafa komið til okkar í áratugi. Þó svo netið hafi komið til sögunnar eru flestar, fyrir utan kannski þær yngri, sem vilja koma og þreifa á fötunum og máta. Margar fara með poka af fötum heim og skoða aðeins betur það sem þær hafa áhuga á og velja á milli. Það hefur alla tíð verið þannig og gengið vel,“ sögðu þær systur sem buðu 30% afmælisafslátt í tilefni tímamótanna 2.–4. nóvember.




Valgerður Guðmundsdóttir er ein margra kvenna á Suðurnesjum sem kemur oft í Kóða. Hún kíkti við á tímamótunum og heilsaði upp á systurnar.



Skólagangan mín er eins og félagsmiðstöð

Jökull Þór Kjartansson er sextán ára húsasmíðanemi í FS. Jökull segir félagslífið í FS vera allt of gott en hann valdi skólann út af félagslífinu. Hann dreymir um frama sem tásufyrirsæta og stefnir á að gera betur í dag en í gær. Jökull er FS-ingur vikunnar.



FS-ingur vikunnar

Hvers saknar þú mest við grunnskóla?
Ég sakna mest ganganna í grunnskóla.

Hvers vegna ákvaðst þú að fara í FS?
Bara út af félagslífinu, skólagangan mín er eins og félagsmiðstöð.

Hver er helsti kosturinn við FS?
Skólinn er alltaf vel þrífinn.

Hvað finnst þér um félagslífið í skólanum?
Allt of gott.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?
Valur Axel fyrir að vera dansmeistari.

Hver er myndnastur í skólanum?
Hemmi, hann er alltaf að kítla mig og djóka í mér hehe.

Hvað hræðist þú mest?
Úff, kattareigendur eru vel þreyttar týpur.

Hvað er heitt og hvað er kalt þessa stundina? Heitt: smekkbuxur. Kalt: fiskur.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?
Fokkt á klúbbum - big sexy

FS-ingur vikunnar:

Nafn: Jökull Þór
Aldur: 16 ára (2007)
Námsbraut: Húsasmíðabraut
Áhugamál: Er mikill áhugaður um endurvinnslu

Hver er þinn helsti kostur? Helsti kostur er hvað ég er fljótur að rífa mig úr þegar það á við og er almennt frábær manneskja.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Snapchat og TikTok.

Hver er stefnan fyrir framtíðina?
Gera betur í dag en í gær.

Hver er þinn stærsti draumur?
Að verða tásuamodel og frjáls.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það og af hverju? Misskilin eða þakklæti.

Ungmenni vikunnar:

Nafn: Júlía Mist Guðjónsdóttir.
Aldur: 15 ára
Bekkur og skóli: 10. bekkur í Myllubakkaskóla
Áhugamál: Félagsstörf og bakstur.



Ungmenni vikunnar

Er heiðarleg, hreinskilin og klárlega myndnust

Júlía Mist Guðjónsdóttir er á lokaári í Myllubakkaskóla og hún ætlar í framhaldsskóla og ferðast eftir grunnskólánámið. Hún hefur áhuga á félagsstörfum og er í unglingaráði Fjórheima. Júlía Mist er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið?
Heimilisfræði og stærðfræði.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?
Jakob, því hann er geggjáður á píanó.

Skemmtilegasta saga úr skólanum:
Þegar ég var í 6. bekk og við máttum ekki tala í 40 mínútur og kennarinn ætlaði að setjast niður og stóllinn rann undan honum og hann datt á gólfíð.

Hver er myndnastur í skólanum?
Klárlega ég.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?
Set fire to the rain með Adele.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Uppáhaldsmaturinn minn er lasagne.

Hver er uppáhaldsbímyndin þín?
Uppáhaldsbímyndin mín er Coyote Ugly.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna?
Ég myndi taka mat, vatn og bát.

Hver er þinn helsti kostur?
Er heiðarleg og hreinskilin.

Ef þú gæti valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Að vera ósýnileg.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Þegar það er heiðarlegt og traust.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskólann? Ég ætla í framhaldsskóla og ferðast.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvað)? Ég er í unglingaráði Fjórheima.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það? Ákveðin.

Jólasaga Leikfélags Keflavíkur

Leikfélag Keflavíkur frumsýnir föstudaginn 10. nóvember næstkomandi jólasöngleikinn *Jólasaga í Adventugardinum* en verkið er byggt á hinu sigilda jólaleikriti *Jólasögu* Charles Dickens. Búið er að gera nýja leikgerð, setja í nútímabúning og staðfæra verkið að Suðurnesjum. Leikgerðina unnu þau Brynja Ýr Júlíusdóttir og Guðlaugur Ómar Guðmundsson en þau sömdu einmitt söngleikinn *Fyrsti kossinn* sem er með vinsælli sýningum leikfélagsins hingað til og fór í Þjóðleikhúsið sem áhugaverðasta áhugaleik-sýningin árið 2022.

Ferlið hefur verið langt, strangt og skemmtilegt en í september fóru fram leik-, söng- og dansprufur þar sem rúmlega eitt hundrað einstaklingar spreyttu sig. Leikhópurinn samanstendur af 22 leikurum og þar af eru fimmtán börn á grunnskólaaldri. Þá tekur einnig þátt hópur barna úr „Regnbogaröddum“ barnakórs Keflavíkurkirkju undir stjórn Freyðísar Kneifar Kolbeinsdóttur. Enn og aftur er Leikfélag Keflavíkur að gefa ungmennum krökkum tækifæri til að kynna leikhúslífinu og því skemmtilega starfi sem þar fer fram.



Byggt á jólasögu Charles Dickens

Að baki svona uppsetningar liggur gríðarleg vinna og fjölmargir sem leggja verkefninu lið utan leikarahópsins. Búningavinna, ljósa- og sviðsvinna, hljóðtækni og allt mögulegt sem ekki gerist án góðra féлага sem flestir vinna í sjálfbodavinnu eins og leikararnir. Það er alltaf líf og fjör í Frumleikhúsinu og félagið leggur mikinn metnað í að byggja upp gott félag og um leið bjóða bæjarbúum upp á fjöl-

breyttar, metnaðarfullar sýningar við allra hæfi. Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson er leikstjóri og Sigriður Rut Ragnarsdóttir Isfeld er danshöfundur.

Eins og venja er þegar leikarahópurinn er fjölmennur þá er uppselt á frumsýningu en allar upplýsingar um sýningar og miðaverð má nálgast á tix.is, segir í tilkynningu frá Leikfélagi Keflavíkur.

Bernskuslóð Bertu

„Dansinn leiddi okkur saman og tónlistin hefur tengt okkur tryggðarböndum,“ segir sópransöngkonan Berta Dröfn Ómarsdóttir sem mun halda tónleika ásamt unnusta sínum, Svani Vilbergssyni gítarleikara, í Grindavíkurkirkju föstudaginn 10. nóvember.

Á efnisskránni verða nýjar útsetningar Svans af sönglögum Sigvalda Kaldalóns. Má þar nefna lögin Betlikerling, Ég lít í anda liðna tíð og Mamma ætlar að sofna. Auk þess verða flutt sönglög eftir Þorvald Gylfason og flutt glænýtt sönglag eftir Svan Vilbergsson, samið við ljóðið Bernskuslóð eftir Rúnar Þorsteinsson.

Leiðir Bertu og Svans lágu saman á dansnámskeiði í Iðnó árið 2018 og fljótt hittu Amor þau í hjartastað og hafa þau verið óað-

skiljanleg síðan þá. „Við erum bæði ættuð frá austfjörðunum en þekktumst ekkert þegar við vorum á sama dansnámskeiðinu í Iðnó. Við byrjuðum fljótt saman og tónlistin tengdi okkur ennþá betur. Við byrjuðum að æfa saman í COVID og höfum haldið fjölda tónleika síðan þá, bæði ein og með öðrum. Við lofum notalegri stemmningu í Grindavíkurkirkju og vonumst til að sjá sem flesta“ sagði Berta Dröfn.



Karlakór Keflavíkur 70 ára

Afmælistónleikar

Laugardaginn 11. nóvember kl. 20:00 í Hljómahöll

Einsöngur

Cesar Alonzo Barrera
Haraldur Helgason
Ingi Eggert Ásbjarnarson
Kristján Þorgils Guðjónsson
Valgeir Þorláksson

Stjórnandi

Jóhann Smári Sævarsson

Hljómsveitarstjórn

Sævar Helgi Jóhannsson

Miðasala á tix.is



Björn Lindal Gíslason hefur starfað í Björgunarsveitinni Sigurvon í 47 ár. Hann var gerður að heiðursfélagi á 95 ára afmæli sveitarinnar. Hér afhendir Jón Þór Jónsson Hansen, formaður Sigurvonar, honum blóm af því tilefni. Á milli þeirra er Kristófer Viktor Karlsson, stjórnarmaður í Sigurvon.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, heitir félagi í Björgunarsveitinni Sigurvon á afmælisdaginn. Hann skellti sér á fjórhjól sveitarinnar og fékk stjórn Sigurvonar með sér á mynd. VF/Hilmar Bragi

Sigurvon fyrsta björgunarsveit Slysavarnafélags Íslands

Björgunarsveitin Sigurvon fagnaði 95 ára afmæli sveitarinnar með afmælishátíð í björgunarstöðinni við Sandgerðishöfn síðasta sunnudag. Sveitin er fyrsta björgunarsveitin innan Slysavarnafélags Íslands, sem í dag heitir Slysavarnafélagið Landsbjörg. Húsfyllir var í afmælinu en forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, heitir samkomuna og hélt ávarp. Í máli sínu minnti forseti á mikilvægi björgunarsveitanna í samfélaginu að fornu og nýju og sagði þær til merkis um þann samhug sem Íslendingar sýna þegar á reynir. Þá þakkaði hann liðsmönnum Sigurvonar allt þeirra förfúsa starf, ekki síst nú hin síðustu ár þegar sveitin hefur eflst mjög og dafnað.



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vt.is



Það kom fram í afmælisboðinu að allt starf Sigurvonar er í miklum blóma. Ný kynslóð hefur tekið við starfinu, ungir menn og konur, sem hafa lyft Grettistaki í endurnýjun búnaðar og þjálfunar á mannskap.

Otti Rafn Sigmarsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar, ávarpaði einnig gesti í veislunni. Hann vitnaði til þeirra ára þegar

hann var að byrja að starfa með björgunarsveitinni Þorbirni í Grindavík. Þá var horft til Sigurvonar sem stóra bróðurs, enda sveitin í Grindavík stofnuð 1930 og því tveimur árum yngri.

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, mætti einnig í pontu og ávarpaði gesti og kallaði Jón Þór Jónsson Hansen, formann Sigurvonar, upp og afhenti honum peningagjöf frá sveitarfélaginu.

Séra Sigurður Grétar Sigurðsson, sóknarprestur, blessaði einnig samkomuna og færði afmælisbarninu gjafir.



Guðni forseti með Freyju Sól Ingólfsdóttur í afmæli Sigurvonar.

Sniktu fisk fyrir húsbýggingu

Sigurður H. Guðjónsson heitinn var formaður Björgunarsveitarinnar Sigurvonar um árabíl. Hann var í viðtali við Víkurfréttir 1982 og ræddi þar m.a. um stofnun Sigurvonar.

„Sveitin hérna var stofnuð í júní 1928 og var þar með fyrsta sveit sem stofnuð var innan Slysavarnafélags Íslands. Hún var fyrsta björgunarsveitin á Íslandi. Að vísu hafði áður verið stofnað Björgunarsveit Vestmannaeyja. Sigurvon var stofnuð fyrst og fremst sem sjóbjörgunarsveit og fljótleiga eða 1929 kemur hingað fyrsti björgunarbáturinn, Þorsteinn, sem Þorsteinn Þorsteinsson, síðar forseti S.V.F.Í., gaf Slysavarnafélaginu og var sá bátur staðsettur í Sandgerði. Þá var smíðað yfir hann bátaskýli það sem nú stendur á lóð björgunarsveitarinnar. Er það jafnframt fyrsta björgunarsstöð á Íslandi. Hús þetta komst í eigu hreppsins sem síðan gaf sveitinni það aftur með því skilyrði að hún fjarlægði það og bíður það nú eftir endurnýjun hér á lóðinni, og mun í framtíðinni hýsa fyrsta björgunarbátinn, Þorsteinn. Við eignuðumst hann fyrir nokkrum árum og tókst að bjarga honum frá eyðileggingu,“ sagði Sigurður m.a. í viðtalinu frá 1982.

Á þessum tíma var björgunarsveitin til húsa að Strandgötu 17 í Sandgerði í húsi sem björgunarsveitin hóf byggingu á árið 1971 og var vígt á 50 ára afmæli sveitarinnar 1978. Á þessum tíma voru fjáraflanir með öðrum hætti en í dag. Til dæmis var farið einu sinni á vertíð á bryggjuna til að sníkja fisk úr bátunum. Hann var svo verkaður, seldur beint eða verkaður í saltfisk og skreið. Einnig fékk Sigurvon gefins bílfarma af loðnu þegar loðnuvertíðin var og loðna var brædd í Sandgerði. Það eru breyttir tímar í dag.



Að ofan: Magnús Stefánsson, bæjarstjóri í Suðurnesjabæ, mætti með umslag sem innihélt peningagjöf til Sigurvonar. Að neðan: Þeir Kristófer Viktor, Tómas Logi og Jón Þór með Otta Sigmarsynni, formanni Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Otti færði afmælisbarninu fallegan blómvönd.



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Háaleitisskóli - Kennari í Friðheima

Háaleitisskóli - Starfsfólk skóla í Friðheima

Heiðarskóli - Starfsfólk skóla

Njarðvíkurskóli - Kennari í heimilisfræði

Njarðvíkurskóli - Sérkennari eða íslenska sem annað mál

Umhverfis- og framkvæmdasvið - Tækjastjórnandi

Velferðarsvið - Starfsmaður í frístundarstarfi fyrir

ungmenni með stuðningsþarfir

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÓLBREYTTILEKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026



Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

HULDA KRISTINSDÓTTIR

Aðalgötu 1, Keflavík,

lést sunnudaginn 22. október.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Hjálmar J. Fornason
Helga M. Hreinsdóttir Örlygur Kvaran
Kristín M. Hreinsdóttir Guðlaugur Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

LÁRUS ÓLAFUR LÁRUSSON

Pósthússtræti 5, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 30. október.

Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 16. október klukkan 13.

Ingibjörg Magnúsdóttir
Anna Lilja Lárusdóttir Eðvarð Þór Eðvarðsson
Guðni Lárusson Hulda Rósa Stefánsdóttir
Gísli Lárusson Stefánía Júlíusdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.





Glæsilegar veitingar sem Sandgerðingar buðu upp á í veislunni.



Fjölmarginir heiðruðu afmælisbarnið á tímamótunum.



Guðni Th. Jóhannesson, forseti, og Tómas Knútsson frá Bláa hernum.



Nemundur Tónlistarskóla Sandgerðis fluttu tónlistartriði.

70 ára afmælistónleikar Karla-kórs Keflavíkur á laugardaginn

Pann 1. desember næstkomandi fagnar Karla-kór Keflavíkur 70 ára starfsafmæli sínu. Í til-efni af þeim merka áfanga blæs kórinn til stórtónleika í Hljóma-höll laugardaginn 11. nóvember kl. 20:00. Farið verður yfir sögu kórsins í máli, myndum og miklum og kröftugum söng.

Einsöngvarar koma allir úr röðum kórfélaga og eru m.a.: Cesar Alonzo Barrera, Haraldur Helgason, Ingi Eggert Ásbjarn-

arson, Kristján Þorgils Guðjónsson og Valgeir Þorláksson.

Búast má við sögum af skemmtilegum upptökum úr kórstarfinu í gegnum tíðina og ekki er ólíklegt að hinn fornfrægi Keflavíkur-kvartett gangi í endurnýjun lífdaga með nýjum meðlimum.

Stjórnandi Karla-kórs Keflavíkur er Jóhann Smári Sævarsson, hljómsveitarstjóri og pianóleikari er Sævar Helgi Jóhannsson. Ennþá eru til miðar á viðburðinn en miðasala er á tix.is.



Jóla „pop up“ markaður í Sandgerði og Grindavík

Jóla „pop up“ markaður verður í Samkomuhúsinu í Sandgerði 11.-12. nóvember og í Gjánni í Grindavík 18.-19. nóvember.

Fjöldi aðila og fyrirtækja verða með vörur og þjónustu á boðstólum eins og sjá má í auglýsingu frá markaðinum á bls. 7 í Víkurfréttum.

Heitt kaffi og konfekt verður á boðstólum. Suðurnesjafólk er hvatt til að mæta.

Otti stappar stálinu í Grindvíkinga

Otti Rafn Sigmarrson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Grindvíkingur, stappar stálinu í Grindvíkinga með pistli sem hann skrifaði á Facebook í vikunni í ljósi þeirra atburða sem nú eru í gangi við Grindavík.

Pistill Otta er svohljóðandi:

Í ljósi aðstæðna og þeirra atburða sem nú eru í gangi við Grindavík langar mig koma með smá persónulegt innlegg sem vonandi einhverjum þykir gagnlegt.

Það má segja að ég sitji við allar hliðar borðsins í þessu máli. Ég er sjálfbodaliði í björgunarsveit sem hefur tekist á við þrjú eldgos á stuttum tíma. Ég er formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hef kynnt mér allar áætlanir vel og tekið þátt í ýmsum undirbúningi með fullt af flottu fólki. Síðast en ekki síst er ég búsettur í Grindavík ásamt fjölskyldu minni og upplifi því ástandið sem hér er einnig í gegnum þau.

Ástandið er eiginlega óþolandi, fólk er að vakna um miðjar nætur við jarðskjálfta og það glymur sífellt í glösum og diskum upp í skáp við þessa þúsundir jarðskjálfta sem mælst hafa hér að undanfögnu, nánast undir okkur. Svo þegar fólk fer á fætur og kikir á fréttadeaða samfélagsmiðla blasir við hver hamfarafyrirsögnin á fætur annarri og eftir þann lestur er eiginlega bara spurning um hver verður síðastur að forða sér úr bænum. Jarðfræðingar keppast við að túlka mælingar af Reykjanesinu eins og þeim sýnist og fjölmiðlarnir keppast svo við birta þessar túlkningar í öllum mögulegum sviðsmyndum. Það er sannarlega hlutverk fjölmiðla að skoða allar hliðar málanna og velja við öllum steinum en stundum mætti aðeins staldra við og skoða hvaða áhrif þessi fréttaflutningur hefur á fólk sem hér býr.

En hver er raunveruleg staða núna?

Það sem við vitum er að það er kvika að safnast undir okkur og það er hellingur af jarðskjálftum því tengdu. Hvað gerist í framhaldinu veit enginn og það er í raun ómögulegt að segja til um. Þess vegna keppast jarðfræðingar og sófasérfræðingar við að varpa upp sem verstum sviðsmyndum því enginn getur raunverulega sagt til um hvað muni gerast.

Ég er nokkuð viss um að fólk almennt geri sér ekki grein fyrir andlegri líðan Grindvíkinga þessa dagana. Ég gæti ímyndað mér að hér séu hundruðir einstaklinga sem lifa í sífelldum ótta við það að missa heimili sitt eða þurfa að flýja það sökum skorts á vatni eða hita. Þetta er ekkert grín, þetta eru raunverulegar áhyggjur fólks í bland við óreglulegan svefn og stöðuga jarðskjálfta. Þessi kokteill getur bara ekki verið góður.

Ég ætla ekki að draga úr alvarleika þessara aðstæðna sem við búum við en mig langar að skilgreina leikreglurnar aðeins betur:

Almannavarnir og Veðurstofa Íslands eru alltaf með bestu og áreiðanlegustu upplýsingarnar hverju sinni.



Þar er ekkert kjaftæði í gangi og upplýsingar frá þeim alltaf skýrar og greinargóðar.

Það er fullt af fólki sem vakir á nóttunni til þess eins að fylgjast með mælum og láta vita ef eitthvað óvenjulegt fer að gerast. Þetta fólk vinnur á sólarhringsvöktum hjá Veðurstofu Íslands og eru sérfræðingar í málaflokknum.

Um leið og einhver raunveruleg hætta skapast verður brugðist tafarlaust við með viðeigandi hætti og það mun ekki fara

framhá neinum hvort sem hann er vakandi eða sofandi.


Við erum með rýmingaráætlanir ef allt skyldi fara á versta veg. Þannig erum við undirbúin og allir meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Það er staðreynd að það væri búið að loka einhverjum vegum eða rýma eitthvað ef yfirvöld teldu ástæðu til. Líf og heilsa fólks er alltaf í fyrsta sæti og fólk getur treyst því.

Ef til þess kemur þá munum við takast á við þetta verkefni saman, fylgja fyrirmælum og tryggja öryggi hvers annars. Þangað til er lítið annað hægt að gera en halda áfram veginn.

Myndin sem fylgir er frá tíu ára dóttur minni sem var í Vatnaskógi um helgina og fékk frjálsan tíma til þess að teikna einhverja fallega mynd. Hún er ekki hrædd við eldgos eða hefur einhverjar sérstakar áhyggjur af þessu öllu. Börnin okkar hafa upplifað að hvorki jarðskjálftar né eldgos hér á svæðinu síðustu ár hafi skaðað neinn. Það ásamt samtali og fræðslu hefur skilað því að þau upplifa að það sé í raun lítið að óttast. Myndin er því eflaust teiknuð með eitthvað jákvætt í huga, ég er allavega brosandi á myndinni en það segir ýmislegt um ástandið ef eldgos er efst í huga tíu ára barns.

Verum jákvæð.



Lagersalan hefst 9. nóvember

Heitir og kaldir pottar sánur, rafmagnspottar og lok

1978
TREFJAR

trefjar.is

Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði

Komdu og gerðu góð kaup!

Keflvíkingarnir Sveinn Ólafur Magnússon og Jóhann Steinarsson fengu hvor í sínu lagi hugmynd að hlaðvarpi sem væri ágríp af sögu körfuknattleiks á Íslandi. Þetta eru menn framkvæmda og í sameiningu hófust þeir handa og gefa nú út hlaðvarpið *Tvígrip - karfan kortlögð* þar sem þeir rekja sögu körfunnar á Íslandi frá árinu 1989.



Kortleggja körfuna



ÍDRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Þeir Sveinn og Jóhann eru báðir harðir Keflvíkingar og áhugamenn um körfuknattleik. „Körfubolta-áhuginn er ekkert brjálæðislegur hjá mér núna en á þessum tíma fylgdist ég ógeðslega mikið með körfubolta, á unglingsárunum og frameftir,“ segir Jóhann í upphafi spjalls okkar. „Eðlilega, því Keflvíkingar voru bestir á landinu.“

Svo fór maður að hlusta á þátt sem heitir *Svona er sumarið*, þar sem er verið að fara í gegnum hvert fótboltasumar á fætur öðru og þá fannst manni vanta svona um körfuna. Þá kom þessi hugmynd hjá mér... og Svenna – í sitthvoru lagi.“

„Við unnum saman og vorum báðir með sömu hugmyndina. Ég var byrjaður að vinna í henni og var kominn með drög að fyrsta handritinu. Þegar við Jói fórum svo að tala um þetta spurði hann: „Af hverju við gerum þetta ekki saman?“ Þannig að við fengum hugmyndina í sitthvoru horninu en framkvæmdum hana saman,“ segir Sveinn sem hefur verið virkur í körfubolta í gegnum árin. „Ég æfði körfu, var að dæma og þjálfá í dag.“



Byrja þegar útlendingarnir voru leyfðir aftur

Erud þið að fara yfir körfuboltann á Íslandi eða eruð þið svæðisbundnir við Suðurnesin?

Þeir félagar segja að þættirnir taki fyrir sögu efstu deildar karla á Íslandi; „en kannski slæðist eitthvað meira inn af Suðurnesjum. Það er þá bara af því að við erum betur tengdir inn í söguna hér suður frá en við reynum að gera öllu skil,“ segir Jói.

„Við ákváðum að byrja ‘89, þegar útlendingar voru leyfðir aftur í körfunni á Íslandi,“ segir Sveinn. „Við hefðum getað farið ennþá lengra aftur en ákváðum að hafa þetta sem útgangspunkt.“

Það hefði verið hægt að byrja tímabilið á undan þegar Keflavík var Íslandsmeistari.“

„Í staðinn byrjum við þegar Keflavík lendir í smá veseni,“ bætir Jói við.

Þeir hafa fengið fyrrum leikmenn eins og Jón Kr. [Gíslason], Gunnar Örlygs og Svala Björgvins í spjall í

þáttunum. „Við höfum reynt að taka einhverja aðalleikendur á þessum tímabilum inn í þættina og munum gera það áfram,“ segir Sveinn.

Erud þið bara að taka fyrir karlaboltann eða fjallið þið um konurnar líka?

„Nei, við einbeitum okkur að körlunum núna,“ segja þeir báðir; „en hvað við gerum seinna á eftir að koma í ljós. Kannski tökum við kvennakörfuna fyrir líka.“

Þættirnir af Tvígripi eru orðnir fjórir talsins en þeir Sveinn og Jói segjast ætla að gefa út fimm þætti fyrir júl og aðra sumar eftir áramót.

„Fara svo í sumarfrí, við erum kennarar og þurfum okkar sumarfrí,“ segja þeir og hlæja. „Þetta passar líka ágætlega við tímabilið í körfunni. Fyrsti þáttur kom út þegar körfuboltinn var að byrja og þegar við verðum búnir með tíu þætti þá er úrslitakeppnin u.þ.b. búin.“

Tíðarandinn skín í gegn

Hlaðvarpsþættirnir hafa fengið finar viðtökur segja umsjónarmennirnir en þeir vissu ekki við hverju þeir máttu búast þegar þeir byrjuðu.

„Okkur finnst viðbrögðin vera góð,“ segja þeir báðir. „Fjórdi þátturinn var að fara í loftið og okkur sýnist áheyrnin vera nokkuð góð. Í fyrstu vissum við ekkert hvað margir myndu hlusta á þetta, bjuggumst jafnvel bara við þrjátíu, fjórutíu manns. Flestir sem við höfum talað við segja þetta vera skemmtilega hlustun. Þetta eru líka þættir sem auðveldlega hægt er að taka í pörtum, þú þarft ekkert að hlusta á heilan þátt í beit,“ segir Sveinn og Jói bætir við: „Þetta er gömul saga, hún fer ekki neitt – en það er mikilvægt að halda utan um söguna.“

„Við erum fyrst og fremst að þessu fyrir okkur sjálfa,“ segir Sveinn. „Það er körfuboltaáhuginn og áhugi á sögu almennt sem keyrir okkur áfram, bara að koma þessu frá okkur.“

Það hlýtur að liggja gríðarleg vinna að baki þessu, eruð þið komnir með beinagrind að öllum þáttunum?

„EKKI alveg kannski en hver þáttur tekur fyrir eitt tímabil. Við byrjum nýjan þátt þar sem síðasta tímabil endar. Við rennum í gegnum blaðagreinar og tökum út það sem okkur finnst eiga erindi í þættina. Þetta er tólf mánaða tímabil sem við förum yfir nær yfir deildarkeppnina, úrslitakeppnina, bikarkeppnina og landsliðsverkefni. Svo tökum við tíðarandann aðeins fyrir í upphafi þáttanna, hvað var að gerast í þjóðféluginu.“

Þessir þættir eru svolítið langir, hvað var síðasti þáttur – fjórir tímar?

„Fyrsti þáttur var um tveir tímar, næsti rúmí þrjú og sá þriðji fjórir tímar,“ segir Jói. „Það var kannski

svolítið mikið en veltur mikið á hvað var að gerast. Það var svolítið drama í þeim þætti.“

„Já, það fer svolítið eftir því hvað er að gerast, við erum ekki að fara yfir úrslit frá leik til leiks. Stiklum á stóru yfir tímabilið,“ bætir Sveinn við.

„Útlendingarnir eru svolítið fyrirferðarmiklir. Það er mikið fjallað um það í blöðunum þegar þeir eru að skipta um félög,“ segir Jói.

„Talandi um tíðarandann þá er t.d. alltaf tekinn fram hörundslitur erlenda leikmannsins sem um ræðir á þessum árum,“ segir Sveinn.

„Það er ótrúlegt að lesa þetta,“ segir Jói. „Á fyrsta tímabilinu er bara sagt blökkumaður gekk í þetta eða hitt liðið. Það er alltaf tekið fram ef leikmennirnir eru svartir.“

„Við vorum feimnir við þetta fyrst en þetta stendur svona í blöðunum,“ segir Sveinn. „Þetta er strax farið að minnka núna tímabilið ‘92–‘93.“

Hafa menn eitthvað verið að setja ofan í ykkur með það sem þið eruð að setja fram í þáttunum?

„Nei, nei,“ segja þeir samhljóða. „Við höfum hins vegar fengið að heyra margar sögur sem við megum ekki segja,“ segir Sveinn. „Það eru sögur sem þola illa dagsins ljós og við erum beðnir að vinsamlega ekki tala um þetta,“ segir Jói. „Við fengum smá punkt við þriðja þátt, að hann hafi verið í það lengsta. Við hefðum getað haft hann lengri, það var mikið að gerast á því tímabili, en við sjóumst í þessu og lærum jafnóðum.“

Tíminn er fljótur að fara

Þeir segjast fyrst og fremst vera að gera þetta fyrir sig sjálfa en að baki hverjum þætti liggjum mikil vinna.

En hvað fer mikil vinna í hvern þátt, hafið þið tekið það saman?

„Í fyrsta handritið fóru tvær vikur,“ segir Sveinn sem var byrjaður að vinna að handriti þegar samstarfið hófst. „Ég var svona frá sjö til ellefu að kvöldi. Svo breytti ég um takt því ég þikkaði allt upp, las viðtöl og þikkaði þau inn. Núna tökum við bara ljósrit og litum með yfirstrikunarpenna yfir það sem skiptir máli og við ætlum að lesa upp.“

Ég finn til greinarnar og klippi þær til, sendi svo á Jóa sem les yfir þær og svo finnum við útúrdúra á hinu og þessu.“

„Þetta fyrirkomulag hentar mjög vel,“ segir Jói. „Þetta er fín samvinna. Sveinn er sögumaður og ég kem með spurningar og punkta út frá því sem hann er að lesa og segja frá.“

Þeir segjast njóta liðsinnis fyrirtækja eins og Humarsólunnar, Bílasölu Reykjaness, Margt smátt, Litla brugghússins í Garði og 1966 ehf. við gerð hlaðvarpsins. „Við erum líka í smá samstarfi við Körfuna [Karfan.is], þeir deila þáttunum okkar. Svo er það líka hlaðvarpið Endalínan, þeir sem eru með það hjálpa okkur mikið.“



„Talandi um tíðarandann þá er t.d. alltaf tekinn fram hörundslitur erlenda leikmannsins sem um ræðir á þessum árum...“

Af hverju völduð þið nafnið Tvígrip?

„Sá fyrsti sem ætlaði að vera með mér í þessu kom með nafnið,“ segir Sveinn. „Tvígrip er úr körfubolta og ágríp er eitthvað sem við segjum frá – þannig kemur nafnið til.“

„Fóstursonur minn hannaði lógóið og konan mín kom með slagorðið, karfan kortlögð, hún er svolítið nösk í stuðlum og höfuðstöfum,“ segir Jói. „Þetta er samvinna frá mörgum.“

„Við fengum líka ráðleggingar frá þeim sem er með Svona er sumarið, hann sagði okkur að kalla þetta ekki Svona er körfuboltinn eða eitthvað svoléiðis,“ segir Sveinn.

Er ekki gaman að grúska í þessu?

„Jú, ótrúlega gaman,“ segir Sveinn. „Það eina er að ég er svo mikill sögunörd og leiðist alltaf út í að lesa eitthvað allt annað líka. Heimildavinnan sem ég er í núna er frá sama tíma stríð geysar í Júgóslavíu og skyndilega er ég farið að lesa mér til um eitthvað allt annað en körfubolta. Ég hef samt reynt að setja það sem ég finn til hliðar til að lesa síðar, einbeita mér að þessu. Annars er tíminn fljótur að fara.“

Hafið þið hugmyndir að fleiri hlaðvarpum þegar þið eruð búnir með þetta?

„Ekkert ákveðið,“ segir Jói. „Kannski eitthvað hliðar, eitthvað tengt þessu. Hugmynd að tala við eða um einhvern ákveðinn körfuboltamann.“

Sveinn segir að þeir hafi í raun ekkert leitt hugann að því. „Við vitum ekki hversu nálægt við ætlum að fara tímanum í dag – en það má ekki vera of nálægt. Við nennum ekki að fjalla um tímabilið í fyrra, það nennir enginn að hlusta á það.“



Hlaðvarpið taka þeir félagar upp í kennslustofu Myllubakkaskóla þar sem Jói kennir og Sveinn er fyrrverandi kennari við skólann.



1X2 „PRUMAÐ Á PRETTÁN“

Eva var ekki lengi í Paradís

Eva Rut Vilhjálmstöðttir úr Garði staldraði stutt við á hátindi Víkurfréttato(i)ppsins, hún tapaði fyrir Petru Ruth Rúnarsdóttur frá Vogum 7-8 og hefur því lokið leik. Við þökkum Evu Rut fyrir þátttökuna og þrátt fyrir að vera úr leik er hún þó í öðru sæti í heildarleiknum með sextán leiki rétta.

veggi mínum. Annars er ég nýkominn heim frá London, sá leik minna manna í Tottenham á móti Chelsea og er auðvitað frekar svekktur. Er samt svekktastur út í þetta VAR-kjaftæði, ég vona að það verði hætt að nota þetta. Annars líst mér vel á mína menn, nú bara núllstillum við og höldum svo áfram. Ef við náum fjórða sæti yrði það frábær árangur sem hægt yrði að byggja ofan á,“ sagði Hámundur.

Petra heldur því áfram og var ákveðið að andstæðingur hennar verði Njarðvíkingurinn Hámundur Örn Helgason en hann gegnir stöðu framkvæmdastjóra UMFN. Petra var að sjálfsögðu ánægð með að halda velli og hefur ekki í hyggju að láta sætið frá sér svo glatt. „Það var góð tilfinning þegar Eva Rut taggaði mig á Instagram á laugardagskvöldið, ég vissi ekki fyrr en þá að ég hefði unnið. Ég fylgist alltaf með á laugardögum því ég er að tippa en fór svo á kótilettukvöld og gleymdi að athuga lokaleikinn. Mér líst vel á að fá Njarðvíking í leikinn, hlakka til að mæta Hámundi og ætla ekki að gefa tommu eftir. Ég tek ekki þátt í keppni án þess að ætla að vinna og stefni á að halda sætinu alla vega til 25. nóvember þegar níu vikna tímabilinu okkar lýkur og þá á ég að sjá um bakkelsið hjá okkur í Vogum. Fyrst ég klikkaði síðasta laugardag lofa ég betri frammistöðu þá og tala nú ekki um ef ég verð ennþá á stalli tippuleiks Víkurfréttar,“ sagði Petra.



Petra	Sæðill helgarinnar	Hámundur
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Bournemouth - Newcastle	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Arsenal - Burnley	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Man.Utd. - Luton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Crystal Palace - Everton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Cardiff - Norwich	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Coventry - Stoke	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Hull - Huddersfield	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Ipswich - Swansea	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Middlesbro - Leicester	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Q.P.R. - Bristol City	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Wed. - Millwall	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Southampton - W.B.A.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Watford - Rotherham	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

Leikgleðin höfð í hávegum

Það var vel mætt á árgangamót Keflvíkur sem fór fram í Reykjaneshöllinni um helgina. Gamlar og aðeins yngri knattspyrnukempur reimuðu á sig fótboltaskóna og rifjuðu upp gamla takta en keppt var í karla- og kvennadeildum.

Margir sýndu að þeir hafa engu gleymt [þótt það gerist aðeins hægar en áður]. Kátina og leikgleði skein af þeim sem tóku þátt í þessu skemmtilega móti, eins og var þrúðmennska viðhöfð í öllum viðureignum þó keppnisskapið sé hvergi farið.

Um kvöldið var veglegt samkvæmi haldið og komust allir heilir heim að lokum. Ljósmyndari Víkurfréttar leit við og smelli af þessum myndum.

VF/JPK



SUÐURNESJA magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?

Sendu okkur línu á vf@vf.is

Deildarstjóri innheimtu

Festa lífeyrissjóður óskar eftir að ráða deildarstjóra innheimtu. Viðkomandi ber meðal annars ábyrgð á innheimtu og uppgjöri iðgjalda og hefur umsjón með skýrslugerð og greiðslum vegna fjárfestinga og rekstrargjalda.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun, háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Grunnþekking og reynsla af bókhaldi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta skilyrði, sér í lagi Excel
- Agi og skipulag í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta

FESTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Festa lífeyrissjóður þjónustar rúmlega 19 þúsund sjóðfélaga og rúmlega 10 þúsund lífeyrisþega, aðallega á Suðurnesjum, Vesturlandi og Suðurlandi. Heildareignir sjóðsins nema rúmlega 264 milljörðum króna.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.

Vitur eftir á!

Enn ein jarðskjálftahrynan dýnur nú á Suðurnesjamönnum. Gísli handboltadómari og æðsti prestur Húsasmíðjunnar á svæðinu hefur vart undan að panta inn olíuofna til húshitunar því loksins eru eru Suðurnesjamenn að vakna. Eldgos eru ekkert grín. Þótt við höfum fengið þrjú gos okkur til viðvörunar, þá eyddum við meiri tíma í að staðasetja bílastæði fyrir túrista og rifast um hvort ætti að greiða fyrir stæðin eður ei, en að stilla saman strengi um hvað ætti að gera ef næsta gos kæmi upp á óhentugum stað.

En nú er stundin runnin upp. Við getum tapað virkjuninni í Svartsengi og Bláa Lóninu, einum stærsta og arðbærasta ferðamannastað landsins, sem veitir hundruðum Suðurnesjamanna lífsviðurværi. Svo ekki sé minnst á bæjarfélagið Grindavík eins og það leggur sig. Verði sprengigöng þýðir það hugsanlega að flugvöllurinn þurfti að loka í ótilgreindan tíma.

Því miður virðist staðan vera sú að þeir aðilar sem hafa með þessu mál að gera eru með allt niðrum sig. Hvar eru sviðsmyndirnar? Hvað á að gera ef öll Suðurnesin verða rafmagns- og hitalaus um hávetur? Hvernig á að verja Grindavík?

Nú keppast fræðimenn við að koma með hinar verstu sviðsmyndir en allir eiga það sameiginlegt að vera að því á síðustu stundu og eingöngu til að fá sviðsljósið.



NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM Á VF.IS

LOKAORÐ



MARGEIRS VILHJÁLMSONAR

Sjálfur vísa í i lokaorð mín frá því í lok maí 2022:

Innviðir

Ég hef fylgst spennur með jarðhræringum á Reykjaneskaga undanfarnar vikur. Mér finnst ráðamenn á Suðurnesjum furðu rólegir yfir þessu öllu saman.

Ef það færi nú að gjósa einhversstaðar verulega nærri Grindavíkurbæ eða Bláa Lóninu. Hvað ætlum við þá að gera?

Eru til einhverjar áætlanir ef hraun fer að renna yfir Grindavík eða orkuverid í Svartsengi? Hvernig verður með heitt vatn og rafmagn fyrir íbúa Suðurnesja? Verða Grindvíkingar flóttamenn í eigin landi fari hýbýli þeirra undir hraun?

Ég reyni að fylgjast vel með en hef kannski misst af allri umræðu um hvernig eigi að bregðast við komi upp eldgos á versta stað.

Eða á að bregðast við þessari vanda eins og öðrum íslenskum vandamálum. Þetta reddast bara. En kannski reddast þetta ekki. Hvað ætla nýkjörnir ráðamenn að gera þá?

Spurningunni hefur allavega verið varpað fram hér í Víkurfréttum.



Sækja um lóð undir nýja skipakví og reiðubúnir í dýpkun og uppgröft

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hefur formlega sótt um aðstöðu fyrir yfirbyggða skipakví og lóð henni tengdri í samræmi við gildandi deiliskipulag, svæði sem er stækkun út í hafnarsvæðið til austurs og stækkun á núverandi lóð Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur til suðausturs. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt lóðarúthlutunina.

Þá hafa Vegagerðin og Reykjaneshöfn óskað eftir framkvæmdaleyfi við Njarðvíkurhöfn vegna dýpkunar, gerð brimvarnargarðs og stálþilskants í samræmi við deiliskipulag og umsögn Skipulagsstofnunar við matsskyldufyrirspurn. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir framkvæmdaleyfið.

Skipulagsstofnun samþykkti deiliskipulagstillögu á suðursvæði Njarðvíkurhafnar þann 13. júlí sl. þar sem m.a. er fjallað um nýja skipakví og landfyllingu í Njarðvíkurhöfn. Viðfangsefnið er gerð sjóvarnargarðs og í framhaldi af því frekari uppbygging Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur á þurrkvi sem

verður bylting fyrir aðstöðu til viðgerða og viðhalds íslenska skipaflotans.

Þar sem fyrirhuguð skipakví liggur á svæði sem nú er sjór, utan strandlínu, hefur Skipasmíðastöð Njarðvíkur óskað tillagna frá Reykjanesbæ um hvernig skuli farið með úthlutun á umræddu svæði og tilhögun á greiðslu fyrir það. Til að gera botninn hæfan fyrir þurrkvi er mikil dýpkunarvinna og uppgröftur framundan, sem Skipasmíðastöð Njarðvíkur lýsir sig

Mundi



Þeir hefðu betur lesið lokaorð Margeirs!



Svona verður hafnarsvæðið í Njarðvík þegar ný skipakví hefur risið og brimvarnargarður og stálþilskantur hefur verið byggður.



Lögreglustjórnin á Suðurnesjum

Brekkustíg 39 - 260 Reykjanesbær - Sími 444 2200

TÍMABUNDIÐ LEYFI TIL SÖLU SKOTELDA Í SMÁSÖLU OG LEYFI TIL SKOTELDASÝNINGA

Upplýsingar til umsækjanda tímabundins leyfis fyrir sölu skotelda í smásölu og leyfis til skoteldasýninga frá og með 28. desember 2023 til og með 6. janúar 2024.

Þeir aðilar sem hyggjast sækja um leyfi fyrir sölustað skotelda í smásölu og vegna skoteldasýninga í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Grindavík og Vogum fyrir og eftir áramót 2023–2024, ber að sækja um slíkt leyfi inn á logreglan.is/leyfi með rafrænum skilríkjum í gegnum island.is í síðasta lagi föstudaginn 24. nóvember 2023.

Leyfi eru veitt að fullnægðum skilyrðum vopnalaga nr. 16/1998 og gildandi reglugerðar um skotelda.

Athugið:

- Umsóknaraðilar skila inn umsókn í síðasta lagi 24. nóvember 2023, á sudurnes@logreglan.is.
- Fylgigögn umsókna skulu berast slökkviliði viðkomandi sveitarfélags með rafrænum hætti.
- Umsóknir um sölustaði sem berast eftir 24. nóvember 2023 verða ekki teknar til afgreiðslu.
- Umsóknaraðilar skulu vera komnir með leyfin í hendur föstudaginn 22. desember 2023.
- Óheimilt er að hefja sölu, nema söluaðilar hafi í höndum leyfisbréf frá lögreglu.
- Söluaðilar fá send leyfisbréf með rafrænum hætti.
- Sækja þarf um skoteldasýningar með fimm vikna fyrirvara – vegna skyldu HES til að auglýsa starfsleyfi.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

- Leyfi eru aðeins veitt fyrir sölu skotelda að fyrir liggja umsögn viðkomandi slökkviliðs til aðstöðu og sölu skotelda, þökkunar- og geymslustaði. Einnig liggja fyrir leyfi lóðareiganda, húseiganda eða húsfélags ef umsækjandi er ekki umráðamaður lóðar eða húsnæðis þar sem sala á að fara fram og staðfesting tryggingafélags vegna sölu, geymslu og notkun skotelda.
- Ef fyrirhugað er að selja úr skúrum eða gámum, skal vera búð að ganga frá slíkum sölustöðum fyrir kl. 16:00, föstudaginn 15. desember 2023 svo lokaúttekt geti farið fram á aðstöðu og öryggisþáttum. Sölustaðir skulu vera minnst 25 fermetrar og búnir samkvæmt kröfum slökkviliðs viðkomandi sveitarfélags.

Tilgreina þarf ábyrgðarmann fyrir sölustað, sem hefur sérþekkingu á skoteldum og hefur náð 18 ára aldri.

Að gefnu tilefni skal vakin athygli á að sala og meðferð skotelda er einungis heimil á tímabilinu frá og með 28. desember 2023 til og með 6. janúar 2024.

Leyfi til sölu á skoteldum í smásölu kr. 6.500.

Leyfi til skoteldasýninga kr. 12.000.

Reykjanesbær 1. nóvember 2023.
Lögreglustjórnin á Suðurnesjum.